

Ísland heiðursgestur í Frankfurt árið 2011

Stjórn [bókakaupstefnunnar í Frankfurt](#) (Frankfurter Buchmesse) hefur ákveðið að bjóða Íslandi að verða heiðursgestur á sýningunni sem haldin verður haustið 2011.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi í byrjun september í fyrra að sækjast eftir því að Ísland hlýti þennan sess.

Ísland verður fyrst Norðurlanda til að skipa þennan sess í Frankfurt. [Menntamálaráðherra](#), ásamt [sendiherra Íslands í Þýskalandi](#) og fleirum, sótti síðustu bókasýningu heim og átti þá viðræður við forstjóra og annað starfsfólk kaupstefnunnar. Hefur þeim viðræðum verið fylgt eftir síðan og það hefur orðið til þess að Ísland varð fyrir valinu en Finnar sóttust einnig eftir því að verða heiðursgestir sýningarinnar árið 2011.

Með ákvörðun kaupstefnunnar opnast einstakt tækifæri til útrásar fyrir íslenskar bókmenntir og menningu, ekki bara á hinn þýska markað heldur einnig á aðildalegan bókamarkað.

Bókakaupstefnan í Frankfurt er sú stærsta í heimi. Hún á rætur allt aftur á 15. öld en hefur smáan saman tekið á sig núverandi mynd eftir að hún var endurreist árið 1949.

Á síðustu stefnu, sem haldin var um miðjan október í fyrra, voru sýnendur alls 7450, þar af rösklega 4000 frá löndum utan Þýskalands. Alls voru þátttakendur frá 108 löndum. Sýningarhúsnæðið var alls 172 þúsund fermetrar, kynntir voru tæplega 400 þúsund nýir bókatitlar og um 280 þúsund gestir komu á kaupstefnuna. Íslendingar hafa sótt sýninguna allt frá byrjun sjöunda áratugarins til að kynna bækur sínar og fræðast um bókamarkað heimsins.

Eitt land eða málsvæði er jafnan heiðursgestur sýningarinnar og var því kerfi komið á árið 1988. Það þýðir að viðkomandi land notar

kaupstefnuna til að kynna rækilega bækur, höfunda og menningu sína í heild. Sú kynning fer fram bæði á sérstöku sýningarvæði á kaupstefnunni sjálfri, en ekki síður í aðdraganda hennar, þar sem margvíslegar þýðingar, höfundar- og menningarkynningar eru undirbúnar og fylgir því feiknalegur áhugi í þýskum fjölmiðlum. En áhuginn nær víðar þar sem flest erlend forlög reyna að sýna bækur frá viðkomandi svæði eða afla sér upplýsinga um þær og gildir sama um umboðsmenn. Þegar vel er á málum haldið hefur þetta haft í för með sér að bækur frá viðkomandi svæði eru þýddar á fjölmargar tungur, auk þess sem menningarviðburðir þaðan setja svip sinn á þýskan menningarvetvang svo um munar.

Íslensk stjórnvöld, í samvinnu við rithöfunda og útgefendur og aðra sem að málinu koma, hafa hugsað sér að nota þetta einstaka tækifæri sem allra best til að styrkja þýðingar á íslenskum bókmenntum, jafnt klassískum sem samtímalegum. Ennfremur er hugmyndin að standa fyrir öflugri menningardagskrá í tengslum við sýninguna og nota hana jafnframt sem stökkpall gagnvart öðrum málsvæðum. Þýðingar á íslenskum bókmenntum hafa færst mjög í vöxt á undanföllum árum og með þessu stærsta útrásarverkefni íslenskra bókmennta nokkru sinni gefst einstakt tækifæri til að fylgja því eftir.

Skipuð hefur verið verkefnisstjórn til að halda utan um þetta verkefni með fulltrúum frá [Bókmenntasiði](#), [menntamálaráðuneyti](#) og [utanríkisráðuneyti](#) og verður Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður menntamálaráðherra formaður hennar. Þá hefur verið samið við Halldór Guðmundsson um að taka að sér stjórn verkefnisins. Ennfremur er ætlunin að koma á fót öflugum samráðshópi þar sem rithöfundar, útgefendur og fulltrúar fleiri listgreina geta lagt sitt til verkefnisins.

Nýr framhaldsskóli í Mosfellsbæ

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri [Mosfellsbæjar](#), undirrituðu þriðjudaginn 19. febrúar [samkomulag](#) um stofnun og byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Skólinn mun rísa í miðbæ Mosfellsbæjar og stefnt er að því að skólafærst hefjist þar haustið 2009. Skólinn verður fyrsti framhaldsskóli Mosfellsbæjar og fyrsti framhaldsskóli sem er stofnaður á vegum opinberra aðila á höfuðborgarsvæðinu frá því að [Borgarholtskóli](#) hóf störf árið 1996. Með honum verður gerbylting í menntamálum í Mosfellsbæ og nágrenni.

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir allt að 4.000 fermetra byggingu sem rúmar 400-500 nemendur. Við ákvörðun lóðarstærðar verður gert ráð fyrir möguleikum til verulegrar stækkunar í framtíðinni og við hönnun hússins og undirbúningu skólafæris verður lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Haraldur Sverrisson undirrita samkomulag um nýjan framhaldsskóla

Skólameistari mun hefja störf eigi síðar en haustið 2008. Hann mun, ásamt öðrum ráðgjöfum, vinna að undirbúningi, stofnun og uppbyggingu skólans í samvinnu við menntamálaráðuneyti og Mosfellsbæ. Í

samningi milli aðila er gert ráð fyrir að Mosfellsbær muni hafa mikil áhrif á uppbyggingu og stefnu skólans alveg frá byrjun og sjá um byggingu skólans fyrir hönd ráðuneytisins.

Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um kjarasamninga ASÍ og SA

Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarinnar eru sammála um eftirfarandi ráðstafanir og áherslur á sviði menntamála, með sérstakri skírskotun til menntunar fólks á vinnumarkaði með takmarkaða menntun:

- Stefnt verði að því að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Þá eru fyrirhugaðar umbætur á framhaldsskólastigi sem leiða til þess að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.
- Í undirbúningi er lögð gjöf sem tryggir að allir hafi tækifæri til menntunar að loknu grunnskólanámi þar sem jafnræðis sé gætt varðandi kostnaðarþátttöku hins opinbera. Samræmi verður tryggt í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við nám á framhaldsskólastigi, háskólastigi og við starfsmenntanam.
- Útlánareglur [Lánasjóðs íslenskra námsmanna](#) verða yfirfarnar með það að markmiði að gæta jafnræðis milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar. Í samræmi við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar verður þess gætt að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi vegna skráningar- og efnisgjalda verði

óverulegur og haldið í algjöru lágmarki.

- Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtast fólki á vinnumarkaði verða aukin um 300 m.kr. á næstu tveimur árum.

Yfirlýsinguna í heild má lesa á [vef forsætisráðuneytis](#).

Lífshlaupið

Þriðjudaginn 4. mars nk. mun [Íbrótta- og Ólympíusamband Íslands](#) ásamt samstarfsaðilum hrinda af stað nýju verkefni, [Lífshlaupinu](#). Með Lífshlaupinu er verið að uppfylla nokkur af þeim markmiðum sem sett voru fram í skýrslunni [Íbróttastefnu Íslands, Aukin þátttaka – Breyttur lífsstíll](#), sem starfshópur [menntamálaráðuneytis](#) um íbróttastefnu Íslands setti fram.

Lífshlaupið er fyrir alla aldurshópa. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir hreyfiráðleggingum [Lýðheilsustöðvar](#) og gera hreyfingu að föstum lið í lífi sínu, hvort sem er í frítímanum, við heimilisstörf, í vinnunni, í skólanum eða við val á ferðamáta. Hreyfiráðleggingarnar fela í sér að 18 ára og yngri er ráðlagt að hreyfa sig a.m.k. 60 mín á dag og eldri en 18 ára hreyfi sig a.m.k. 30 mín á dag.

Sem einn af samstarfsaðilum verkefnisins vill menntamálaráðuneyti hvetja bæði fyrirtæki og skóla til þátttöku. Allar upplýsingar um verkefnið og skráningu er að finna á vef verkefnisins [www.lifshlaupid.is](#) og hjá Jónu Hildi Bjarnadóttur, sviðsstjóra almennings-íbróttasviðs ÍSÍ, í síma: 514-4000 eða á [iona@isi.is](#).

